



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni), 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1374 – 778. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á barnalögum. Markmið frumvarpsins er að bæta ákvæði gildandi laga er varða forsjá og umgengni og styrkja réttarvernd barna.

MRSÍ fagnar frumvarpinu og telur að með því verði staða barna í forsjár- og umgengnisdeilum styrkt enn frekar. Sérstaklega er jákvæð sú áhersla sem lögð er á hagsmuni barna við ákvörðun um umgengni og forsjá og með þessari auknu áherslu, sem og fleiri breytingum sem frumvarpið leggur til, fækkar vonandi tilvikum þar sem komið er á umgengni með aðför eða öðrum þvingunum. Skrifstofan telur, að þær breytingar á barnalögunum sem frumvarpið boðar séu í fullu samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Gerðar eru athugasemdir við þann knappa tíma sem gafst til að vinna að umsögninni en MRSÍ vill koma eftirfarandi á framfæri:

Með ákvæði 1. gr. frumvarpsins telur MRSÍ að tekið sé ákveðið skref í átt að löggildingu Barnasáttmálans hér á landi. Að mati skrifstofunnar mun ákvæðið verða til þess að styrkja stöðu barna í þjóðfélaginu í öllum þeim málaflokkum er þau varða og ekki aðeins í málum er snerta barnavernd eða fjölskyldur barna og búsetu. Vænta má að lögfesting ákvæðisins leiði til þess að í auknum mæli verði hlustað á börnin sjálf, tekið mið af vilja þeirra og skoðaðar allar aðstæður áður en gripið er til róttækra aðgerða eins og t.d. að koma barni í umgengni með aðför.

MRSÍ telur 12. gr. Frumvarpsins, sem felur í sé aukna ráðgjöf og skyldu til sáttameðferðar fyrir foreldra sem deila um forsjá og/eða umgengni barna sinna, sé verulega jákvætt skref. Vinna að sátt með hlutlausum sérfræðingum í sáttamiðlun mun vonandi stuðla að því að foreldrar munu í auknum mæli semja sín á milli um þessi mál og vera sáttari við þann samning. Einnig má þess vænta að foreldrar virði frekar en úrskurð sýslumanns slíkt samkomulag um umgengni eða önnur mál er viðkoma sameiginlegri ábyrgð á uppeldi barna þeirra.

MRSÍ telur enn fremur að hið nýja ákvæði sem 18. gr. frumvarpsins leggur til sé mjög jákvætt og til þess fallið að styrkja tengsl barns við nána ættingja þess og ýta undir stöðugleika í lífi þess ef annað eða bæði foreldra þess falla frá eða geta af einhverjum öðrum orsökum ekki umgengist barnið. Með því að það sé sérstaklega tekið fram í lögum að barn eigi rétt á umgengni við aðra nákomna



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

vandamenn eða ættingja, sé það til hagsbóta fyrir barnið, eykur það líkur til þess að barn kynnist fjölskyldu beggja foreldra og myndi tengsl við þær, sem reynst getur mikilvægt til framtíðar.

Með því að lögfesta þau sjónarmið sem eiga að vera til grundvallar ákvörðun sýslumanna um umgengni, sbr. 19. gr. frumvarpsins, verður þeim gefið aukið vægi til framtíðar og munu þau veita sýslumanni auknar leiðbeiningar við vinnu sína í þessum málum. MRSÍ trúir því að með þessu sé verið að staðfesta þá framkvæmd sem þegar er unnið eftir í þessum málaflokki hjá sýslumannsembættunum en með lögfestingunni verði enn frekar hugað að því að hafa hagsmuni barnanna ávallt að leiðarljósi og skoða allar aðstæður þeirra í hvívetna. Í ljósi niðurstöðu rannsókna, þ.á.m. rannsóknar Barnaheilla um börn sem verða vitni að ofbeldi á heimili sínu, verður að ítreka að farið verði vel yfir fjölskylduaðstæður barnanna og athugað sérstaklega hvort þau verði fyrir ofbeldi eða verði vitni að því á heimili sínu eða annars staðar.

MRSÍ fagnar því nýmæli sem felst í 20. gr. frumvarpsins, að sýslumanni verði heimilt að úrskurða um umgengni til bráðabirgða. Slík heimild styrkir að einhverju leyti stöðu þess foreldris sem ekki hefur forsjá barns, það fær mögulega fyrr en ella umgengni við barn sitt þó sættir hafi ekki náðst á milli foreldranna um tilhögun umgengni. Einnig felur ákvæðið í sér leið fyrir sýslumann að fylgja eftir málum og meta hvort fyrirkomulag bráðabirgðaúrskurðarins þjóni best hagsmunum barnsins sem og að, þegar bráðabirgðaúrskurðurinn hefur runnið sitt skeið, verði málið skoðað að nýju og endanleg ákvörðun um umgengni tekin.

Hvað varðar kafla 5.3.5. í frumvarpinu þar sem fjallað er um að samkvæmt íslenskum lögum eigi foreldri sem barn býr ekki hjá í senn rétt og beri skylda til að rækja umgengni við barn sitt. Þar kemur fram að ekki séu nein úrræði til staðar til að þvinga óviljugt foreldri til umgengni við barn sitt. Er ekkert út á það að setja þar sem að skrifstofan er sammála því sem síðar í kaflanum segir að ekki sé líklegt að það þjóni hagsmunum barns að þvinga óviljugt foreldri til slíkrar umgengni.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri